

**183. fundur barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum
haldinn í fundarsal á 4. hæð í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 11. maí 2021 og hófst
hann kl. 12:30.**

Fundinn sátu:

Bryndís G Friðgeirsdóttir aðalmaður, Martha Kristín Pálmadóttir aðalmaður, Þóra Hansdóttir aðalmaður og Kristján Óskar Ásvaldsson aðalmaður.

Embættismenn:

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Helga Katrín Hjartardóttir, deildarstjóri barnaverndar.

Fundargerð ritaði: Helga Katrín Hjartardóttir, deildarstjóri barnaverndar.

Dagskrá:

1. Umsögn vegna beiðni um leyfi til að gerast fósturforeldrar - 2021040009

Lögð fram greinargerð starfsmanns vegna beiðni um leyfi til að gerast fósturforeldrar.

Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum lýsir sig sammála niðurstöðum starfsmanns barnaverndar og telur tilgreinda aðila hæfa til að gerast fósturforeldrar.

2. Umsókn um leyfi til að reka annað úrræði skv. 84. gr. barnaverndarlaga - 2021050040

Lögð fram beiðni um leyfi til að til að reka annað úrræði skv. 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum samþykkir beiðni hjónanna um að reka annað úrræði skv. 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

3. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2021 - 2021010023

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 27. apríl 2021, þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um barnaverndarlög (barnaverndarþjónusta, samþætting o.fl.), 731. mál. Umsagnarfrestur er til 5. maí.

Á 1151. fundi bæjarráðs, þann 3. maí 2021, var málinu vísað til nefndarinnar.

Umræða um málið.

Umsagnarfrestur var ofknappur til að hægt væri að senda umsagnir.

4. Málsmeðferðarreglur Barnaverndar á norðanverðum Vestfjörðum - 2021050008

Lagð fram uppkast að málsmeðferðarreglum fyrir Barnavernd á norðanverðum Vestfjörðum.

Umræða fór fram um reglunarnar og starfsmanni falið að vinna áfram í reglunum.

5. Trúnaðarmál - 2012010059

Tekið fyrir 1 trúnaðarmál í Barnavernd.

Bókað í trúnaðarmálabók barnaverndarnefndar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:30

Bryndís G Friðgeirsdóttir

Martha Kristín Pálmadóttir

Þóra Hansdóttir

Kristján Óskar Ásvaldsson

Margrét Geirsdóttir

Helga Katrín Hjartardóttir